

## Slys á gatnamótum þar sem ljósastýrðum gatnamótum var breytt í hringtorg

Margar rannsóknir hafa bent til þess að hægt sé að fækka umferðaróhöppum og umferðarslysum umtalsvert með því að breyta ljósastýrðum gatnamótum í hringtorg (sjá í Bryndís Friðriksdóttir, Haraldur Sigbórsson og Þorsteinn Þorsteinsson, 2003) enda hafa hringtorg færri bágapunkta en sambærileg gatnamót, umferðarhraði er almennt lægri en á ljósastýrðum gatnamótum, nánast öll ökutæki eru á svipuðum hraða og ákvarðanatöku ökumanna er auðveldari í hringtorgum þar sem búið er að útrýma vinstri beygjum.


Ekki eru til margar rannsóknir á umferðaröryggi hringtorga hér á landi en í rannsókn Bryndísar Friðriksdóttur, Haraldar Sigbórssonar og Þorsteins Þorsteinssonar (2003) á umferðaröryggi hringtorga á Íslandi kemur fram að óhöpp sem urðu á hringtorgum voru svipuð og þau sem tíðkast erlendis, það er mest var um óhöpp þar sem eignatjón varð en lítið um alvarleg slys á fólki. Í sömu rannsókn er rætt mikilvægi þess að skoða slysatölur gatnamóta þar sem breytt hefur verið úr ljósastýrðum gatnamótum í hringtorg og öfugt.

Hér eru skoðaðar tölur frá þremur gatnamótum þar sem ljósastýrðum gatnamótum var breytt í hringtorg. Um er að ræða tvö gatnamót í Hafnarfirði og ein gatnamót í Garðabæ. Gatnamótin í Hafnarfirði eru gatnamót Reykjanesbrautar og Lækjargötu/Hlíðarbergs en þeim var breytt í hringtorg seinni part árs 2004 og gatnamót Fjarðarhrauns og Flatahrauns en þeim var breytt í hringtorg seinni part árs 2004. Einnig voru gatnamót Arnarnesvegur og Bæjarbrautar og Arnarnesvegur og Fífuhvammsvegur í Garðabæ skoðuð, en þau gatnamót urðu að einum þegar hringtorg var gert seinnipart árs 2005.


### Niðurstöður

Mynd 1 sýnir fjölda óhappa og slysa á gatnamótum Reykjanesbrautar og Lækjargötu/Hlíðarbergs fyrir og eftir breytingar á gatnamótunum (*fyrri tímabilið er frá 1. okt. 2000 til 30. sept. 2003 og það seinna frá 1. okt. 2004 til 30. sept. 2007*). Fram kemur að fyrir breytingar slösuðust 18 einstaklingar í sjö umferðaróhöppum en eftir breytingar slösuðust tveir einstaklingar í tveimur óhöppum. Á sama tíma rúmlega tvöfaldaðist fjöldi óhappa án meiðsla en þau voru 36 fyrir breytingar en 73 eftir breytingar. Hlutfall slysa af heildarfjölda óhappa fór því úr 16 prósentum fyrir breytingar í tæplega þrjú prósent eftir breytingarnar og á sama tíma fækkaði slösuðum um 16 eða 89 prósent.

Svipuð niðurstaða kemur í ljós þegar skoðuð eru slys og óhöpp á gatnamótum Fjarðarhrauns og Flatahrauns fyrir og eftir breytingar (*frá 1. okt. 2000 til 30. sept. 2003 fyrir breytingar og frá 1. okt. 2004 til 30. sept. 2007 eftir breytingar*). Fram kemur að fyrir breytingar slösuðust 16 einstaklingar í átta umferðaróhöppum þremur árum fyrir gerð hringtorgs. Sambærilegar tölur næstu þrjú ár eftir að hringtorg var gert eru þrjár slasaðir í þremur óhöppum. Slösuðum fækkar því um 13 eða 81 prósent. Óhöppum án meiðsla fjölgaði á sama tíma um rúmlega 43 prósent eða úr 55 í 69.




Mynd 1. Óhöpp og slys á gatnamótum Reykjanesbrautar og Lækjargötu/Hlíðarbergs fyrir og eftir breytingar úr ljósastýrðum gatnamótum í hringtorg 2004.



Mynd 2. Óhöpp og slys á gatnamótum Fjarðarhrauns og Flatahrauns fyrir og eftir breytingar úr ljósastýrðum gatnamótum í hringtorg 2004.

Mynd 3 sýnir breytingar fyrir og eftir uppsetningu hringtorgs á gatnamótum Arnarnesvegur og Bæjarbrautar annarsvegur og Arnarnesvegur og Fífuhvammsvegur hinsvegur (frá 1. júlí 2003 til 1. júlí 2005 fyrir breytingar og frá 1. nóv. 2005 til 1. nóv. 2007 eftir breytingar). Fram kemur að fyrir breytingar slösuðust þrjár einstaklingar í tveimur umferðaróhöppum tveimur árum fyrir gerð hringtorgs. Ekkert slys var skráð næstu tvö ár eftir að hringtorg kom. Líkt og á hinum gatnamótunum fjölga óhöppum án slysa hins vegar á milli tímabilanna eða úr sex í níu.



Mynd 3. Óhöpp og slys á gatnamótum Arnarnesvegar/Bæjarbrautar og Arnarnesvegar/Fífuhvamsvegar fyrir og eftir breytingar úr ljósastýrðum gatnamótum í hringtorg 2004.

### Umræða

Samkvæmt gögnum frá Umferðarstofu og lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu fækkaði slysum á þremur gatnamótum eftir að þeim var breytt úr ljósastýrðum gatnamótum í hringtorg en á sama tíma fjölgaði óhöppum án slysa á þessum sömu gatnamótum. Fækkun slysa er í samræmi við aðrar rannsóknir á þessu sviði (sjá Bryndís Friðriksdóttir, Haraldur Sigþórsson og Þorsteinn Þorsteinsson, 2003) en þar hefur ekki komið fram að óhöppum fjölgi með tilkomu hringtorga. Vera má að þetta skýrist af því að hér er ekki tekið tillit til umferðarpunga á þessum svæðum en öll gatnamótin eru á svæðum þar sem umferð hefur aukist verulega á síðustu árum, auk þess sem ökutækjæign á höfuðborgarsvæðinu hefur vaxið um rúmlega 57 prósent frá árinu 2000 (Umferðarstofa, 2007).

Þó varhugavert sé að alhæfa um umferðaröryggi hringtorga út frá þessum tölum þá virðist þó sem þau dragi mjög úr slysatíðni á sama tíma og eignatjón vex.

### Heimildir

Bryndís Friðriksdóttir, Haraldur Sigþórsson og Þorsteinn Þorsteinsson. (2003). *Umferðaröryggi hringtorga á Íslandi*. Reykjavík: Vegagerðin.

Umferðarstofa. (2007). Upplýsingatorg. *Bifreiðatölur*. Sótt 22. 11. 2007 af <http://www.us.is/id/958>.

## Viðauki

Tafla 1. Fjöldi slysa og óhappa á Reykjanesbraut / Lækjargata / Hlíðarberg –fyrir og eftir breytingar á gatnamótunum.

	Slys með alvarlegum meiðslum	Slys með litlum meiðslum	Óhöpp án meiðsla	Alls slys og óhöpp	Alvarlega slasaðir	Lítið slasaðir	Alls slasaðir
1.okt 2000 - 30.sept 2003	0	7	36	43	0	18	18
1.okt 2004 - 30.sept 2007	1	1	73	75	1	1	2

(Heimild: Umferðarstofa)

Tafla 2. Fjöldi slysa og óhappa á Flatahrauni/Fjarðarhrauni fyrir og eftir breytingar á gatnamótunum.

	Slys með alvarlegum meiðslum	Slys með litlum meiðslum	Óhöpp án meiðsla	Alls slys og óhöpp	Alvarlega slasaðir	Lítið slasaðir	Alls slasaðir
1.okt 2000 - 30.sept 2003	1	8	46	55	1	15	16
1.okt 2004 - 30.sept 2007	0	3	66	69	0	3	3

(Heimild: Umferðarstofa)

Tafla 3. Fjöldi slysa og óhappa á Arnarnesvegur / Bæjarbraut-Fífuhvamsvegur fyrir og eftir breytingar á gatnamótunum.

	Slys	Óhöpp án meiðsla	Alls slys og óhöpp	Alls slasaðir
1. júlí 2003 - 1. júlí 2005	2	6	9	3
1. nóv. 2005 - 1. nóv. 2007	0	9	9	0

(Heimild: Lögreglustjórnin á höfuðborgarsvæðinu)